

3. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:				kr.	
A)	Íbúðir		sorphirðugjald	5.000	
B)	Fyrirtæki	kr.			
	Flokkur 1	sorphreinsgjald	275.000	og sorpeyðingargjald	110.000
	" 2	"	110.000	og "	90.000
	" 3			sorphirðugjald	65.000
	" 4			"	45.000
	" 5			"	22.000
	" 6			"	11.000
	" 7			"	6.000

Bæjarstjórn skipar fyrirtækjum í flokka, m. a. eftir magni úrgangs.

Heimilt er að fella niður álagningu sorphreinsgjalds á fyrirtæki sem annast alla hreinsun og flutning sorps á förgunarstað.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Dalvíkur, staðfestist hér með samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, til að öðlast gildi nú þegar.

Umhverfissráðuneytinu, 23. febrúar 1998.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

um sorphirðu í Ljósavatnshreppi.

1. gr.

Sveitarstjórn Ljósavatnshrepps er heimilt að leggja á sérstakt árlegt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald), sem er innheimt með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

A) **Íbúðir.**

Sorphirðugjald kr. 4.500 á íbúð.

B) **Fyrirtæki.**

Sorphirðugjald er samkvæmt eftirfarandi flokkum:

Flokkur	a)	kr. 30.000
"	b)	kr. 60.000
"	c)	kr. 70.000
"	d)	kr. 80.000

Sveitarstjórn raðar fyrirtækjum í flokka eftir eðli og umfangi starfsemi þeirra.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af sveitarstjórn Ljósavatnshrepps er hér með staðfest samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit ásamt síðari breytingum til að öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 182/1997.

Umhverfissráðuneytinu, 24. febrúar 1998.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Nr. 137

3. mars 1998

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um álagningu spilliefnagjalds nr. 158/1997, með breytingum nr. 203/1997, nr. 316/1997, nr. 442/1997, nr. 579/1997 og nr. 92/1998.

1. gr.

9. kafli reglugerðarinnar verði svohljóðandi:

9. KAFLI.

Halógeneruð efnasambönd.

16. gr.

Gjaldskyld efni og upphæð gjaldsins.

Spilliefnagjald skal lagt á halógeneruð efnasambönd.

Spilliefnagjald á innflutt halógeneruð efnasambönd skal innheimt í tolli. Af halógeneruðum efnasamböndum skal greiða spilliefnagjald til spilliefnanefndar samkvæmt reglum sem hún setur.

Um gjaldtöku og flokkun til gjaldskyldu á halógeneruðum efnasamböndum, gilda ákvæði viðauka VIII við þessa reglugerð.

2. gr.

Í viðauka IV fellur „3814.0002 --- Málningar- eða lakkeyðar“ niður.

3. gr.

Heiti viðauka VIII verði: „HALÓGENERUÐ EFNASAMBÖND“.

4. gr.

Í stað orðanna „ósoneyðandi efni“ í viðauka VIII komi „halógeneruð efnasambönd“.

5. gr.

Í viðauka VIII fellur „2903.1901 --- 1,1,1-Þríklóretan (metýl klóróform)“ niður.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 56/1996 um spilliefnagjald og öðlast gildi við birtingu.

Umhverfissráðuneytinu, 3. mars 1998.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.